

**From:** [Katrín Atladóttir](#)  
**To:** [Helga Björnsdóttir](#); [Hjálmar Sveinsson](#)  
**Cc:** [Jórunn Pála Jónasdóttir](#)  
**Subject:** Tillaga Sjálfstæðisflokksins  
**Date:** mánudagur, 9. nóvember 2020 13:32:15

---

Sæl, við Jórunn viljum leggja fram eftirfarandi tillögu og einnig óska eftir umræðu um stöðu íþróttaiðkunnar barna í Reykjavík í íþróttahluta fundarins.

### **Tillaga**

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði leggja til að skipaður verði starfshópur sem skilar hratt tillögum um hvernig er hægt að koma á skipulögðu íþróttastarfi í samstarfi við grunnskóla þegar samkomutakmarkanir eru í gildi vegna COVID-19 og koma í veg fyrir brottfall.

### **Greinargerð**

Börn í Reykjavík hafa ekki fengið að stunda íþróttir í fjórar vikur og er ófyrirséð hversu lengi æfingabann á höfuðborgarsvæðinu mun standa yfir. Þetta er í annað sinn á þessu ári sem bann hefur verið lagt á íþróttastarf barna. Skipulagt íþróttastarf hefur jákvæð áhrif á líðan barna og mikið forvarnargildi, það hafa fjölmargar rannsóknir sýnt. Um 90% nemenda á grunnskólaaldri fara á einhverjum tímapunkti í gegnum skipulagt íþróttastarf svo það eru mörg börn sem bannið hefur áhrif á.

Það er ljóst að COVID-19 er ekki að hverfa úr okkar daglega lífi á næstunni. Það er því brýnt að geta brugðist hratt við þegar upp koma tímabil þar sem takmarka þarf íþróttaiðkun barna. Finna þarf leiðir svo skólar og íþróttafélög geti unnið saman til að halda þessu mikilvæga starfi gangandi.

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.